

Alþingi
Erindi nr. P 140/587
komudagur 29.11.2011

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 2011

Til: Fjárlaganefndar
Frá: Fjármálaráðuneytinu
Efni: Áhrif uppfærðrar hagspár Hagstofu á tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2012

Í nýlegri uppfærslu á hagspá Hagstofunnar voru gerðar breytingar sem kalla á endurskoðun nokkurra liða í tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins 2012. Veigamestu breytingarnar eru þær að spá um hagnöxt á næsta ári lækkar úr 3,1% í 2,4%, spá um þróun launavísitölu hækkar úr 5,0% í 6,5% og verðbólguþá (meðalstaða vísitölu neysluverðs) hækkar úr 3,7% í 4,2%. Spá um hækkun vísitölu neysluverðs yfir árið 2011 hefur einnig verið hækkuð úr 5,1% í 5,5%, sem hefur áhrif á persónuafslátt næsta árs og þar með tekjur ríkissjóðs. Mikilvægasta einstaka breytingin er hækkun spár um þróun launavísitölu en sú breyting er gerð í ljósi umtalsverðar hækkunar launavísitölu á árinu 2011, einkum á seinni hluta ársins. Helstu breytingar á spá Hagstofunnar eru dregnar saman í töflunni hér að neðan.

Þróun hagspærðar 2012, %	Júlispá	Nóvemberspá	Breyting
Einkaneysla	3.3	3.0	-0.3
Samneysla	-0.8	-0.9	-0.1
Fjármunamyndun	14.5	16.3	1.8
Þjóðarútgjöld	4.0	3.6	-0.4
Útflutningur alls	3.3	1.4	-1.9
Innflutningur alls	4.9	3.5	-1.4
Verg landsframleiðsla	3.1	2.4	-0.7
Vöruskiptajöfnuður	9.2	8.6	-0.6
Viðskiptajöfnuður	-6.1	-4.8	1.3
Vísitala neysluverðs	3.7	4.2	0.5
Gengisvísitala	0.9	2.1	1.2
Raugengi	0.4	1.0	0.6
Stýrivextir	5.7	5.3	-0.4
Atvinnuleysi	6.0	6.4	0.4
Launavísitala	5.0	6.5	1.5
Kaupmáttur launa	1.3	2.2	0.9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3.2	2.1	-1.1
Mannfjöldi á vinnufærum aldri	0.1	0.1	0.0
Unnin ársverk	1.9	1.9	0.0

Breyttar verðlags- og launaforsendur valda því að áætlaðar tekjur af tekjuskatti einstaklinga aukast um 1,5 ma.kr. Hækkun launavísitölu hækkar skattstofn tekjuskatts og þar með áætlaðar tekjur meira en sem nemur lækkun skatttekna vegna hærri persónuafsláttar í ljósi spár um þróun verðlags 2011. Meiri hækkun launavísitölu hækkar einnig skattstofn til tryggingagjalds frá því sem var í eldri spá og því aukast áætlaðar tekjur af gjaldinu um 0,85 ma.kr., enda spá um unnin ársverk óbreytt frá því sem áður var. Aukin verðbólga á næsta ári veldur því einnig að áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti aukast um 0,5 ma.kr. Í heild hefur því uppfærð hagspá jákvæð áhrif upp á 2,85 ma.kr. á tekjuáætlun fjárlaga. Aðrar breytingar sem gerðar voru á tekjuáætlun fyrir 2. umræðu, sem tengjast ekki breytingum á þjóðhagsspá, höfðu aftur á móti neikvæð áhrif á tekjuáætlun upp á 2,5 ma.kr. Breytingar á tekjuáætlun við 2. umræðu hafa því alls áhrif til hækkunar að fjárhæð 0,35 ma.kr.